

AUGLÝSING

um að Alþingi skuli koma saman til fundar þriðjudaginn, 10. október 1967.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til fundar þriðjudaginn 10. október 1967.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 21. september 1967.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

L Ö G

um breyting á lögum um verðlagsmál, nr. 54 frá 14. júní 1960.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við lögin komi ákvæði til bráðabirgða, svo hljóðandi:

Til ársloka 1968 fer níu manna nefnd, verðlagsnefnd, með verðlagsákvæðanir. 3 nefndarmenn skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, 1 samkvæmt tilnefningu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, 2 samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, 1 samkvæmt tilnefningu Verzlunarráðs Íslands og 1 samkvæmt tilnefningu Sambands ísl. samvinnufélaga. Niundi nefndarmaðurinn er ráðuneytisstjórinn í viðskiptamálaráðuneytinu, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Hver nefndarmanna skal tilnefna varamann, er taki sæti í forföllum hans. Viðskiptamálaráðherra skipar nefndina, og fellur jafnframt niður umboð núverandi verðlagsnefndar.

Meiri hluti atkvæða ræður ákvörðunum verðlagsnefndar. Verði atkvæði jöfn, sker atkvæði formanns úr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 29. nóvember 1967.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.